

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Keflavíkur nr. 11 28. febrúar 1957, sbr. auglýsing um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum nr. 9 28. janúar 1958.

11. grein 6. liðar b samþykktarinnar orðist svo:

Nudd og rafmagnslækningar.

Samlagið greiðir nudd- og rafmagnslækningar, sem framkvæmdar eru samkvæmt fyrirsögn læknis, að $\frac{1}{2}$, þó ekki yfir 600.00 kr. á hverju almanaksári fyrir hvern sjúkling.

Framangreind breyting staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1964, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 215.

10. september.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveita Laugaráss sér um dreifingu hitaorku úr veitukerfum, sem hún lætur gera, og innheimtir gjald fyrir það, eftir þeim reglum, sem settar eru fram í reglugerð um Hitaveitu Laugaráss og gjaldskrá þessari.

Hitaveitan sér og um innheimtu gjalds fyrir hitaréttindi eftir samningum, sem stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs hefur gert við ábúendur jarðarinnar eða ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd verða veitukerfum hennar í té hitaorku, sem ætla má að nægi til hitunar, enda sé ofnar nógu stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitunni er þó skylt, sé þess óskað, að sjá ábúendum jarðarinnar fyrir því vatnsmagni, sem ákveðið er í samningum þeirra við stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs.

Óheimilt er hitaveitunni að taka kaldara vatn en er í þeim hverum, sem mældir hafa verið samkvæmt skilagrein raforkumálastjóra nr. 64 frá 1953.

3. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 5000.00 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs, skal ekki frekara gjalds krafizt.

2. Fastagjald:

- a. Af íbúðarhúsum kr. 4.00 pr. m³ á ári.
 - b. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 3.00 pr. m³ á ári.
3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 2000.00 fyrir hvern notanda.
 4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
 5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en framan greinir ákveður stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs hverju sinni.

4. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af hverjum dældum sekl. kr. 5000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 4.00 pr. m³.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 3.00 pr. m³.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 2500.00.
5. Stofngjöld greiðist við tengingu heimæðar.

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. skulu krafín ársfjórðungslega. Hver húseigandi ber ábyrgð á því, að stofngjald og hitaveitugjald sé greitt af húsi hans. Sé reikningur ekki greiddur, þegar hann er sýndur, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

7. gr.

Hitaveitan hefur rétt á að loka fyrir rennsli heita vatnsins til þess notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Ákvörðun um lokun tilkynnist með 10 daga fyrirvara. Kostnað af slíku greiðir sá, sem vanskilum veldur.

8. gr.

Starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að stilli-krönum, hemlum og ef settir verða mælar eða önnur stillitæki, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseigendum skylt að hlíta fyrirmælum starfsmanna gegn misnotkun heita vatnsins.

9. gr.

Heimilt er stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs að hækka eða lækka gjöld í gjaldskrá þessari um allt að 20% án staðfestingar ráðuneytisins, þó ekki nema til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi, sem er samín af stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. janúar 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1964

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.